

**Ed.**

**329. Breytingartillögur**

[196. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Við 3. gr.

a. Við A-lið bætist nýr tölul. er hljóði svo:

Vörur sem um ræðir í I. til IV. flokki viðauka I í tollalögum (tollskrá) og ætlaðar eru til manneldis. Undanþága samkvæmt þessum tölul. tekur þó ekki til hreinna eða blandaðra grænmetis- og ávaxtasafa eða tilreiddra efna til slíkrar drykkjarvörugerðar, sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum um vörugjald, sbr. reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Undanþágan nær ekki heldur til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, poppkorns eða annars sælgætis, þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum um vörugjald. Undanþága þessi nær ekki til sölu veitingahúsa, greiðasölustaða eða annarra á tilbúnum mat.

b. 14. tölul. B-liðar orðist svo:

Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, sundstöðum, heilsuræktarstöðvum og skíðalyftum.

2. Við 13. tölul. 4. gr. Á undan orðinu „loðdýrarækt“ komi: garðyrkju.